



Reykjavík - 2
Leyfi nr. 196

Ný akstursbók, breytingar á lögum, álestrartímabil o.fl.

Afhending nýrrar akstursbókar

Eigendur eða umráðamenn fá afhenta nýja akstursbók á næsta álestrartímabili (þ.e. 20. janúar - 10. febrúar nk.), þegar mætt er með ökutækið til álestrar. Hin nýja akstursbók er aðeins stærri en sú fyrri enda er gildistími hennar þrjú ár, eða til febrúar 2001. Tekið skal fram að eigandi eða umráðamaður á að halda gömlu akstursbókinni og skal hann varðveita hana í 7 ár frá þeim degi þegar notkun bókarinnar lýkur.

RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI

Fastrúmer

Akstursbók

FYRIR ÖKUTÆKI MEÐ ÖKUMÆLI

Mæta skal í álestur vegna:

1. ársþriðjungs tímabilið 20. janúar - 10. febrúar
2. ársþriðjungs tímabilið 20. maí - 10. júní
3. ársþriðjungs tímabilið 20. september - 10. október

Skráning í akstursbók þessa grundvallast á lögum nr. 3/1997, um fjárféttan til vegagerðar

Yfirlit yfir lagabreytingar

Þann 20. desember 1998 voru samþykkt lög frá Alþingi sem fela í sér breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáróflun til vegagerðar. Hér verða raktar helstu breytingar: Kílómetragjald hækkar um 3,5% frá og með 11. febrúar 1999. Tengi- og festivagnar verða undanþegnir greiðslu 100.000 kr. árgjalds en í staðinn er lagt á þá sérstakt kílómetragjald. Slökkvibifreiðar verða undanþegnar greiðslu 100.000 kr. árgjalds. Dagafjöldi vegna innlagnar númera eða tímabundins útflutnings lækkar úr 30 dögum í 15 daga. Námubifreiðar verða undanþegnar skattskyldu. Eigendum eða umráðamönnum ökutækja verður heimilt í upphafi gjaldárs að velja á milli þess að greiða gjald fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt mæli eða fast gjald sem samsvari 95.000 km akstri á gjaldárinu. Gjaldskrár kílómetragjalds hækka aftur um 2% þann 11. júní 1999. Öll framangreind atriði eru skýrð betur hér á eftir.

Námubifreiðar/slökkvibifreiðar

Námubifreiðar sem eingöngu eru notaðar utan vega eða á lokuðum vinnusvæðum verða undanþegnar greiðslu þungaskatts frá og með 11. febrúar 1999. Jafnframt er fast árgjald ekki innheimt af slökkvibifreiðum eftir 11. febrúar 1999.

Innlögn skráningarnúmera/akstur erlendis

Ef tekið er mið af 100.000 kr. föstu árgjaldi af ökutækjum sem eru 14.000 kg og stærri er gjald fyrir hverja viku 1.923 kr. Gjald í tvær vikur er því 3.846 kr. Innlögn skráningarnúmera í a.m.k. fimmtán daga samfelt eða tímabundinn útflutningur í jafnlangan tíma gefur gjaldendum því rétt til lækkunar eða endurgreiðslu sem nemur 3.846 kr. og síðan fyrir hvern dag umfram fimmtán daga.

Kílómetragjald bifreiða

Gjaldskrá kílómetragjalds bifreiða hækkar þann 11. febrúar 1999. Fast árgjald ökutækja sem eru 14.000 kg og þyngri hækkar ekki. Hækkunin nær einungis til kílómetragjalds, sem verður eftirfarandi:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald kr.
0-4.999	6 ,97	18.000-18.999	13 ,40
5.000-5.999	7 ,41	19.000-19.999	14 ,43
6.000-6.999	8 ,01	20.000-20.999	15 ,20
7.000-7.999	8 ,42	21.000-21.999	16 ,08
8.000-8.999	8 ,78	22.000-22.999	17 ,09
9.000-9.999	9 ,17	23.000-23.999	17 ,90
10.000-10.999	9 ,73	24.000-24.999	18 ,71
11.000-11.999	10 ,10	25.000-25.999	19 ,63
12.000-12.999	11 ,38	26.000-26.999	20 ,50
13.000-13.999	12 ,44	27.000-27.999	21 ,41
14.000-14.999	10 ,14	28.000-28.999	22 ,32
15.000-15.999	10 ,92	29.000-29.999	23 ,23
16.000-16.999	11 ,79	30.000-30.999	24 ,14
17.000-17.999	12 ,64	31.000 og yfir	25 ,05

Kilómetragjald tengi- og festivagna

Fast árgjald að fjárhæð 100.000 kr. af tengi- og festivögnum er felld niður en í stað þess verður kilómetragjald þessara ökutækja hækkað. Gjaldskrá kilómetragjalds þungaskatt fyrir festi- og tengivagna frá og með 11. febrúar verður eftirfarandi:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kilómetragjald kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis kg	Kilómetragjald kr.
6.000-6.999	7 ,63	19.000-19.999	17 ,31
7.000-7.999	8 ,01	20.000-20.999	18 ,24
8.000-8.999	8 ,36	21.000-21.999	19 ,29
9.000-9.999	8 ,73	22.000-22.999	20 ,51
10.000-10.999	9 ,28	23.000-23.999	21 ,49
11.000-11.999	9 ,62	24.000-24.999	22 ,46
12.000-12.999	10 ,83	25.000-25.999	23 ,55
13.000-13.999	11 ,85	26.000-26.999	24 ,59
14.000-14.999	12 ,17	27.000-27.999	25 ,70
15.000-15.999	13 ,10	28.000-28.999	26 ,79
16.000-16.999	14 ,15	29.000-29.999	27 ,87
17.000-17.999	15 ,18	30.000-30.999	28 ,96
18.000-18.999	16 ,08	31.000 og yfir	30 ,07

Móttaka skráningarnúmera hjá Íslandspósti hf.

Athygli er vakin á því að frá og með 20. janúar 1999 er hægt að leggja inn skráningarmerki til geymslu á öllum pósthúsum Íslandspósts hf. utan höfuðborgarsvæðisins. Ennfremur verður hægt að koma til skila eyðublaði ríkisskattstjóra sem fyllt er út samfara innlögn skráningarmerkja.

95.000 km föst áætlun

Eiganda eða umráðamanni ökutækis er heimilt að velja áður en gjaldár hefst að greiða gjald sem taki mið af áætluðum kilómetrafjölda er samsvari 95.000 km akstri á gjaldárinu í stað gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra. Þrátt fyrir að eigandi eða umráðamaður ökutækis velji að greiða áætlað kilómetragjald skal hann að auki greiða 100.000 kr. fast árgjald. Ákvörðun þessari verður ekki breytt eftir að gjaldár er hafið. Heimilt verður að greiða fasta áætlun fyrir 2. og 3. gjaldtímabil 1999 er samsvari samtals 63.333 km, en sækja þarf um það fyrir 11. febrúar 1999 til ríkisskattstjóra.

Álestrartímabil/áætlun/kæra/sekt

Álestrartímabil 1. gjaldtímabils 1999 er 20. janúar - 10. febrúar nk. Gjaldldagi er 11. febrúar 1999 og eindagi 28. febrúar s.m. Gjaldendur eru minntir á að mæta í álestur á ofangreindu álestrartímabili, því hafi ekki verið mætt með ökutæki til álestrar á álestrartímabilinu áætla ríkisskattstjóri akstur sem svarar til 32.000 km aksturs á gjaldtímabili. Áætlun þunga-skatts vegna fólksbíreiða skal þó vera 8.000 km.

Komi eigandi eða umráðamaður, sem sætt hefur áætlun, með ökutæki til álestrar innan þrjátíu daga (í kærufresti) frá lokum álestrartímabils skal álestur tekinn sem kæra og sendur ríkisskattstjóra til ákvörðunar. Ef mætt er í álestur eftir að álestrartímabili lýkur, bætist 1% álag við fjárhæð skattsins fyrir hvern dag sem dregið hefur verið að koma með ökutækið til álestrar, í allt að tíu daga, þ.e. að hámarki 10%.

Mæti eigandi eða umráðamaður með ökutæki sitt til álestrar eftir að þrjátíu dagar (kærufestur) eru liðnir frá lokum álestrartímabils beitir ríkisskattstjóri, auk 10% álags, sektum sem hækka eftir því sem lengra liður frá lokum álestrartímabils.

Ef 1 vika er liðin
frá því að kærufrestur rann út: kr. 5.000

Ef 2 vikur eru liðnar
frá því að kærufrestur rann út: kr. 7.500

Ef 3 vikur eru liðnar
frá því að kærufrestur rann út: kr. 10.000

Ef 4 vikur eru liðnar
frá því að kærufrestur rann út: kr. 12.500

Ef 5 vikur eða fleiri eru liðnar
frá því að kærufrestur rann út: kr. 15.000

Hver byrjuð vika reiknast sem heil vika.

Skráning á akstri í akstursbók/sekt

Skyllt er að skrá akstur reglulega í akstursbók:

- Ef ökuriti er notaður sem öikumælir skal skrá kílómetrastöðu hans daglega.
- Ef annars konar öikumælir en ökuriti er notaður skal skrá kílómetrastöðu hraðamælis daglega en kílómetrastöðu öikumælisins vikulega.
- Eigendum eða umráðamönnum ökutækja sem búin eru öikumælum, sem ekki eru nýtt í atvinnurekstri, er einungis skyllt að skrá mánaðarlega í akstursbók.
- Akstur eftirvagna skal skrá vikulega.

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 3/1987 skal ríkisskattstjóri beita sektum sé ekki skráð í bókina eftir settum reglum og hafa sektir verið ákveðnar eftirfarandi:

1. Akstur ranglega færður:

- fært vikulega en á að færa daglega: kr. 5.000
- fært mánaðarlega en á að færa daglega: kr. 10.000
- færð inn km-staða hraðamælis en ekki öikumælis: kr. 7.500
- færð inn km-staða öikumælis en ekki hraðamælis: kr. 5.000

Fyrir ítrekuð brot má gera ráð fyrir hækkun sekta.

2. Akstur ekki færður:

- Fyrir ökutæki sem eru undir 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekki nýttar í atvinnurekstri skal sekt vera að lágmarki 10.000 kr.
- Fyrir önnur ökutæki skal sekt vera að lágmarki 15.000 kr.
- Fyrir ítrekuð brot skal sektin hækka um 5.000 kr. í hvert sinn, í allt að 50.000 kr.

Á upplýsingavef ríkisskattstjóra má finna ýmsan fróðleik um þungaskatt.

Slóðin er: www.rsk.is

VIRÐISAUKASKATTSSKRIFSTOFA RÍKISSKATTSTJÓRA